



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

14. júní 2013

Ákvörðun nr. 19/2013

Samruni Atlantic Tank Storage ehf., Skeljungs hf. og Birgðastöðvarinnar Miðsandi ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning 14. maí sl. um breytingu á yferráðum Birgðastöðvarinnar Miðsandi ehf. (hér eftir nefnt BM) en það félag á olúbirgðastöð í Hvalfirði. Fram kemur í tilkynningunni að Atlantic Tank Storage ehf. (hér eftir nefnt ATS) fyrirhugi að kaupa 51% hlutafjár í BM af Skeljungu hf. (hér eftir Skeljungur) en fyrir kaupin hafi Skeljungur átt 100% hlutafjár í BM. Er tiltekið í tilkynningunni að Skeljungur muni því áfram eiga 49% í félaginu. Samkvæmt tilkynningunni var fyrirhugað að félögin myndu samhliða viðskiptunum gera hluthafasamkomulag þar sem yrði kveðið á um að ákvarðanir þeirra sem hluthafa ásamt ákvörðunum stjórnar skyldu vera einróma.

Telja aðilar að með kaupunum stofnist til sameiginlegra yferráða og þar með til samruna í skilningi c-liðar 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum (hér eftir samkeppnislög). Segir í samrunaskránni að þannig muni BM lúta sameiginlegum yferráðum Skeljungs [...].

Fyrirnefndri tilkynningu fylgdi samrunaskrá í formi stuttrar tilkynningar skv. b-lið 6. mgr. og 7. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga, sbr. einnig b-lið 7. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 684/2008 og viðauka við þær reglur.

Meðfylgjandi tilkynningunni voru einnig afrit af óundirrituðum kaupsamningi og hluthafasamkomulagi ásamt afritum af ársreikningum félaganna, umboðum lögmanna og afriti af kvittun vegna tilkynningargjalds. Með vísan til 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og 1. mgr. 5. gr. fyrirnefndra reglna nr. 684/2008 beindi Samkeppniseftirlitið því til samrunaaðila að tilkynning um samruna skyldi send Samkeppniseftirlitinu eftir að samningar hefðu verið gerðir, þ.e. þegar skuldbindandi samningar myndu liggja fyrir um hin breyttu yferráð. Jafnframt óskaði Samkeppniseftirlitið eftir frekari upplýsingum um vöru-, þjónustu- og landfræðilega markaði eins og samrunaaðilar lýstu þeim í samrunaskrá. Þann 28. maí sl. barst Samkeppniseftirlitinu undirritaður kaupsamningur ásamt hluthafasamkomulagi og bréfi með frekari upplýsingum um markaðinn.



II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Getur slík breyting m.a. falið í sér að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, ná beinum eða óbeinum yferráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreindir gerningar í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit samkvæmt 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Aðilar samrunans eru ATS, Skeljungur og BM.

Skeljungur er olúfélag sem starfar á eldsneytismarkaði á Íslandi. Félagið er hlutafélag með dreifðu eignarhaldi. Dótturfélög þess eru fimm samkvæmt samrunaskránni: Tollvörugeymsla Skeljungs ehf., Ö-fasteignir ehf., Bensínorkan ehf., S fasteignir ehf. og Vegauki ehf.

Í tilkynningunni segir að ATS sé félag sem leigi og reki olúbirgðastöðvar. Segir að félagið sé einkahlutafélag í eigu Scandinavian Tank Storage AB [...] og Gavacon ehf. [...]. Jafnframt kemur fram í samrunaskránni að dótturfélög ATS séu Icelandic Tank Storage ehf. og Norwegian Tank Storage AS.

Samrunaaðilar telja að vöru- og þjónustumarkaðurinn sem mál þetta tekur til sé leiga á birgðaplássi til geymslu á olú fyrir erlenda viðskiptavinum. Þannig sinni olúbirgðastöðin í Hvalfirði ekki hlutverki sem birgðastöð fyrir olúvörur sem notaðar eru innanlands. [...]. Eftirspurn eftir birgðageymslu komi frá erlendum viðskiptavinum (spákaupmönnum) sem vilji geyma olú í von um hagnað vegna hækkunar á heimsverði á olú. Olían sem þar sé geymd í lengri eða skemmri tíma sé ekki tollafgreidd og hún verði því ekki seld á innanlandsmarkaði. Er sérstaklega tiltekið í samrunaskránni að í ljósi umframgetu innanlandskerfisins til geymslu á olú sé fullvíst að engin breyting verði á framangreindri markaðssetningu. Það sé því niðurstaða samrunaaðila að vöru- og þjónustumarkaður málsins taki til eins og áður segir leigu á plássi til geymslu á olú fyrir erlenda viðskiptavinum.

Varðandi landfræðilega markaðinn þá telja samrunaaðilar að hann sé mjög stór, að öllum líkindum Norður-Ameríka og Norður-Evrópa. Segir í samrunaskránni að slíkir aðilar geti flutt olú með hlutfallslega litlum kostnaði langar leiðir ef ódýrt og hentugt leigupláss bjóðist. Þannig skipti lega Íslands ekki höfuðmáli í þessu sambandi.

Í samrunaskránni kemur fram að áætluð markaðshlutdeild samrunaaðila á skilgreindum markaði verði eftir samrunann ca. [5-10%] m.t.t. upplýsinga sem liggja fyrir um birgðarými á Norðurlöndum en fram kemur í samrunaskrá að ekki liggja fyrir upplýsingar um birgðarýmin fyrir allan markaðinn í heild sinni.

Samrunaaðilar telja að samruninn feli ekki í sér samkeppnislega röskun enda sé markaðshlutdeild samrunaaðila lítil fyrir og eftir samrunann og keppinautar samrunaaðila



séu mjög öflugir. Auk þess sé kaupendastyrkur allnokkur á markaðnum. Einnig hafi samruninn ekki í för með sér neina tengingu Skeljungs við Olíudreifingu ehf. sem sé í eigu aðalkeppinauta Skeljungs, N1 hf. og Olíuverslunar Íslands hf. en ATS hafi leigt annað geymslupláss í Hvalfirði af Olíudreifingu. Aftur á móti séu það viðskipti sem eru aðgreind frá þeim viðskiptum sem BM muni stunda og muni ekki hafa tengingu eða skörun við starfsemi Olíudreifingar ehf. og Skeljungs.

Í kjölfar fyrirspurnar frá Samkeppniseftirlitinu barst bréf frá lögmönnum samrunaaðila, dags. 28. maí sl., þar sem meðal annars er að finna frekari upplýsingar um vöru- og þjónustumarkaðinn ásamt því sem frekar er fjallað um mat samrunaaðila á hinum landfræðilega markaði.

Í fyrrnefndu bréfi segir að samrunaaðilar telji ljóst að verðbreytingar hafi mikil áhrif á val viðskiptavina á birgðarými. Jafnframt hafi fjölbreytileiki þjónustu og birgðarýmis og fjöldi birgðastöðva á svæðinu áhrif á valið. Þannig krefjist viðskiptavinir hagstæðs verðs á birgðarými og fari með viðskipti sín annað ef þeim bjóðist þar betri kjör og þjónusta. Birgðastöðvar á Íslandi keppi á þessum markaði við birgðastöðvar í Evrópu og birgðastöðvar í austur hluta Norður-Ameríku.

Í fyrrnefndu bréfi segir jafnframt að samrunaaðilar hafi yfir að ráða birgðarstöðvum á Norðurlöndum að undanskildu Finnlandi. Markaðssetning af hálfu samrunaaðila sé fyrst og fremst beint að Norðurlöndum, Bretlandi og Hollandi en mögulegir viðskiptavinir geti þó valið um geymslurými á mun stærra svæði, sökum eðlis olíumarkaðarins. Samrunaraðilar telji því ljóst að þeir eigi í samkeppni við aðila á mjög stóru svæði, bæði er varðar fjölda geymslurýma og landfræðilega afmörkun, þar sem væntanlegir viðskiptamenn geti valið um að geyma olíu framleidda í Evrópu hvort sem er í Evrópu eða Ameríku.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Varðandi skilgreiningu markaðar þá fellst Samkeppniseftirlitið á skilgreiningu samrunaaðila þannig að markaðurinn taki til leigu á olíubirgðarýmum á Íslandi til geymslu á olíu fyrir erlenda viðskiptavini sem stunda viðskipti með olíu á alþjóðlegum mörkuðum. Hafa ber í huga að umrædd olíubirgðastöð í Hvalfirði er eða getur verið hluti af birgðahaldi á innlendum eldsneytismarkaði líkt og hann hefur verið skilgreindur t.d. í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004, *Ker hf. (áður Olíufélagið hf.), Olíuverslun Íslands hf., Skeljungur hf. og Bensínorkan ehf. gegn samkeppnisráði.*

Með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni ATS, Skeljungs og BM muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni á hinum skilgreinda markaði.



Er þá einkum litið til þess að markaðshlutdeild samrunaaðila er slík að samruninn hindrar ekki virka samkeppni á hinum skilgreinda markaði. Því er ekki ástæða til að aðhafast frekar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samruna ATS, Skeljungs og BM á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson